



# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163

[skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) • [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

11. nóvember 2021

## Efni: Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu (184/2021)

### Sveitarfélagið Skútustaðahreppur

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að fram sé komin reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Sjálfbær landnýting er grundvöllur fæðuöryggis á Ísland og afar mikilvæg í samhengi baráttunnar gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Skútustaðahreppur styður eindregið að markaður verði skýr rammi um sjálfbæra landnýtingu. Að því sögðu er mikilvægt að hafa í huga að sjálfbær þróun grundvallast á samfélagslegum og efnahagslegum forsendum, ekki síður en umhverfislegum. Því er mikilvægt að ramma um sjálfbæra landnýtingu fylgi nauðsynlegt fjármagn til nýsköpunar, þ.a. styðja megi þróun bænda og annarra sem nýta land. Þannig verður stuðlað að langtíma hagsæld, árangri í loftslagsmálum og viðnámsþrótti samfélaga sem byggja afkomu sína á nýtingu landgæða.

Samráðsgátt stjórnvalda er góður vettvangur til að kalla eftir sjónarmiðum mismunandi hagaðila varðandi sjálfbæra landnýtingu. Þó er bent á að betur hefði mátt auglýsa fyrir fram að von væri á drögunum að reglugerðinni í samráðsgáttina.

Umsögn þessi er m.a. grundvölluð á umfjöllun umhverfisnefndar og landbúnaðar- og girðingarnefndar Skútustaðahrepps. Þá hefur umhverfisfulltrúi Skútustaðahrepps kynnt efni reglugerðarinnar fyrir ýmsum landeigendum í sveitarfélaginu og er umsögnin jafnframt grundvölluð á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í kjölfar þeirrar kynningar.

Efnislegar athugasemdir við drögin að reglugerðinni eru eftirfarandi:

1. Sjálfbær landnýting snertir marga hagaðila, s.s. bændur, náttúruverndarsamtök og sveitarfélög. Reglugerðin er nokkuð flókin og er mikilvægt að hagaðilar geti með auðveldum hætti áttað sig á því til hvers er ætlast. Lagt er til að orðalag reglugerðarinnar verði einfaldað eins og framast er unnt. Þá mætti bæta tilvísanir til nánari skýringa.
2. Því er fagnað að lögð séu til viðmið varðandi hönnun og uppbyggingu innviða tengt umferð fólks og ökutækja (viðauki 4) og framkvæmdum (viðauki 3). Umferð og framkvæmdir geta haft mikil áhrif á landnýtingu og mikilvægt er að taka tillit til þessara þátta eins og beitar og annarra þátta.
3. Tímarammi umbóta þarf að vera raunhæfur m.t.t. stefnumótunar og skipulagsmála í sveitarfélögum. Það er sannarlega þörf á hröðum umbótum í landnotkun víða, en mikilvægt að slíkar umbætur séu fjármagnaðar með fullnægjandi hætti.
4. Mikilvægt er að skilgreina vel hvað telst “straumvatn” í reglugerðinni. Jafnvægi í steinefnabúskap jarðvegs er mikilvæg forsenda sjálfbærrar landnýtingar og þarf því að meta ávinning af dreifingu búfjáráburðar, tilbúins áburðar, seyru og annarra áburðarefna til móts við mögulega áhættu af dreifingunni í samhengi vistkerfa straumvatna. Á Íslandi þarf að horfa til aukinnar notkunar á búfjáráburði, seyru og öðrum innlendum áburðarefnum, í stað tilbúins

áburðar, til að stuðla að fæðuöryggi og jafnvægi í gjaldeyrismálum, og væri vert að því verði velt upp hvort notkun slíkra áburðarefna ætti að verðlauna, t.d. með rýmri heimildum til dreifingar en í tilviki tilbúins áburðar. Fyrir bændur þarf að vera skýrt til hvers er ætlast í þessum efnum, ella er hætt við að virðing fyrir þeim viðmiðum sem sett eru fram verði takmörkuð.

5. Umræða um beitarhólf innan afréttarlands hefur átt sér stað í Skútustaðahreppi. Slík hólf kunna að hafa jákvæð áhrif á búskap (t.d. með því að auðvelda smalamennsku) en jafnframt gefa aukna möguleika á landgræðslu, endurheimt birkiskóga og kolefnisbindingu almennt, þar sem hluti þess lands sem hefur verið beittur verður friðaður fyrir beit. Til að mögulegt sé að skilgreina beitarhólf þarf að vera praktískt að girða þau af. Eins og gefur að skilja kunna hlutar slíkra beitarhólfa að falla innan þeirra marka sem skilgreind eru sem “land í ósjálfbærri nýtingu” (sbr. 2.gr viðauka 1). Ef hins vegar beit innan beitarhólfs telst sjálfkrafa ósjálfbær (t.d. sökum hæðar yfir sjó) er hætt við að vilji bænda og landeigenda til að girða slík hólf af muni verða takmarkaður og tækifæri til jákvæðra breytinga glatist (þrátt fyrir að beit muni verða afar takmörkuð á þeim svæðum sem t.d. liggja ofan við 600 m.h.y.s.). Það er mikilvægt að sveitarfélög og landeigendur hafi sveigjanleika innan þess ramma sem skilgreindur verður, til að meiri hagsmunir verði ekki látnir víkja fyrir minni hagsmunum í samhengi sjálfbærrar landnýtingar. Praktískt séð kann að vera nauðsynlegt að hafa brattar hlíðar (yfir 30° halli) eða há fjöll (yfir 700 m.y.s.) innan beitar svæða. Beit í slíkum hólfum geti samt sem áður talist sjálfbær.
6. Ekki er ljóst hver muni bera kostnað af umsjón og eftirliti með sjálfbærri landnýtingu. Kostnaður vegna eftirlits fyrir bændur, t.d. vegna Matvælastofnunar, er ærinn fyrir. Til að takast meggi að byggja upp sjálfbæra fæðuframléiðslu á Íslandi, er mikilvægt að starfs-, rekstrar- og fjárfestingaskilyrði bænda verði bætt. Þannig er stuðlað að nýliðun meðal fæðuframléiðenda (bænda). Liður í slíku er að gefa skýrt út að innleiðing reglugerðarinnar muni ekki auka eftirlitskostnað bænda. Annar liður í slíku er að nýta gögn og samstarfsverkefni sem bændur hafa sjálfir safnað og tekið þátt í til að auka sjálfbærni landnotkunar. Þar má t.d. nefna Grólindeyverkefnið og gögn sem sauðfjárbændur skrá í Fjávís gagnautanumhaldskerfið varðandi fallþunga dilka. Sé lömbum slátrað um leið og þau koma af fjalli, gefur fallþungi þeirra t.d. ágætis vísbendingu um ástand gróðurs á beitarlandi.
7. Gert er ráð fyrir að meta árangur á 2-3 ára fresti. Ef nýjar aðferðir og tækni verða nýtt til þess, s.s. gervihnattamyndir og sjálfvirk úrvinnsla þeirra, kann þetta að vera raunhæft. Liggi ekki fyrir skýr áætlun um slík vinnubrögð, er lagt til að árangur verði metinn sjaldnar. Betra er að geta staðið við þær áætlanir sem gerðar eru, en að áætla of bratt og geta ekki staðið undir þeim væntingum sem áætlanirnar skapa.
8. Mikilvægt er að reglugerðin stangist ekki á við önnur lög og reglugerðir sem fjalla um málaflokk landnýtingar. Bent er á mikilvægi þess að kannað verði hvort svo sé, t.d. með samráði við starfsmenn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem fjalla um landbúnaðarmál og með samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst f.h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps,

---

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri

---

Helgi Héðinsson, oddviti

